

heimili aldraðra á kjördegi, á því aðeins rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar, að hann geri ráð fyrir að vera fjarverandi frá þeim stað, sem hann á kosningarétt, þá er kosning fer fram, og að hann af þeim ástæðum geti eigi sótt kjörfund, sbr. 1. mgr. 62. gr. Þegar um er að ræða sjúklinga, og einkum vistmenn á dvalarheimilum aldraðra, sem hafa fulla ferlivist, er rétt að taka fram, að þeir mundu að jafnaði ekki verða taldir eiga rétt á að greiða atkvæði utan kjörfundar, enda mundu þeir eiga kost á að greiða atkvæði með venjulegum hætti.

Kjörstjóri ákveður, í samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, og að fengnum upplýsingum um sjúklinga og vistmenn á stofnuninni, hvort ástæða sé til að láta atkvæðagreiðslu fara þar fram, og þá hvenær. Skal ákvörðun um þetta efni tekin eigi síðar en sjö dögum fyrir kjördag, og skal þá birta auglýsingu innan viðkomandi stofnunar um það, hvar atkvæðagreiðslan fer fram og á hvaða tíma. Að jafnaði mundi nægilegt, að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram einn dag í hverri stofnun, í nokkrar klukkustundir, eftir fjölda þeirra sjúklinga og vistmanna, sem rétt mundu eiga á að greiða atkvæði utan kjörfundar á stofnuninni.

Um kosningaathöfnina sjálfa, þ. á m. um heimild til að veita kjósanda aðstoð, gilda að öllu leyti sömu reglur og um utankjörfundaratkvæðagreiðslu almennt, sbr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, sbr. lög nr. 37 29. maí 1979. Nauðsynlegt er, að viðkomandi stofnun láti í té aðstöðu, þ. á m. hentugt húsnæði, svo og eftir atvikum aðstoðarfólk, til þess að atkvæðagreiðsla geti farið fram með fyrirskipuðum hætti. Rétt er að undirstrika, að kjósanda ber að koma á fund kjörstjóra, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, og að atkvæðagreiðsla má eigi fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna.

Leiðbeiningar þessar taka gildi 1. júní 1980.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. maí 1980.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjaldmiðilsbreytingu.

#### 1. gr.

Í reglugerð þessari nefnist gjaldmiðill sá, sem út hafði verið gefinn fyrir 1. janúar 1981, gamlar krónur (gkr.), en gjaldmiðill sá, sem út verður gefinn 1. janúar 1981 og síðar, nefnist nýjar krónur (nýkr.).

#### 2. gr.

Ein gömul króna skal jafngilda einum eyri nýrrar krónu og eitt hundrað gamlar krónur einni nýrri krónu. Skal þannig hver peningur (mynt og seðlar) nýrrar krónu vera hundraðfaldur að verðgildi miðað við gamla krónu, þótt ákvæðisverð sé hið sama. Sú breyting, sem um er að ræða, nefnist verðgildisbreyting í reglugerð þessari. Jafnframt fara fram gjaldmiðilsskipti, og er aðgerðin í heild kölluð gjaldmiðilsbreyting.

#### 3. gr.

Sérhver banki og sparisjóður skal hinn fyrsta afgreiðsludag eftir 1. janúar 1981 og síðan fram til júniloka sama ár skipta gömlum krónum í nýjar krónur.

Gamlar krónur (seðlar og mynt) halda gildi sínu og eru gjaldgengar í öllum viðskiptum við hlið hinna nýju króna til júniloka 1981. Seðlabankanum er skylt að skipta gömlum krónum í nýjar krónur allt til ársloka 1982.

## 4. gr.

Nú eru í lögum, reglugerðum, samþykktum, tilskipunum, opinberum gjaldskráum og öðrum stjórnvaldaákvörðunum, sem gildi höfðu tekið fyrir 1. janúar 1981 eða út höfðu verið gefnar fyrir það tímamark, en skyldu taka gildi síðar, greindar fjárhæðir í gömlum krónum, og skulu fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð teljist einn hundraðshluti af eldri fjárhæðinni.

Sé fjárhæð greind í gullkrónum helst hún þó óbreytt.

## 5. gr.

Ef fjárhæð er greind með krónum í dómi, úrskurði dómstóls eða stjórnvalds, uppkveðnum fyrir 1. janúar 1981, en hefur eigi verið fullnægt fyrir þann tíma, skal fjárhæðinni breytt og hún miðast við nýjar krónur og dómi eða úrskurði fullnægt þannig.

## 6. gr.

Sé krafist fjárhæðar í dómsmáli eða máli fyrir stjórnvaldi, sem höfðað er fyrir 1. janúar 1981, en eigi hefur verið til lykta leitt fyrir þann tíma, skal fjárhæðum í úrlausn breytt og þær miðast við nýjar krónur.

## 7. gr.

Fjárhæð, sem greind er með krónum í skuldabréfi, þar með talið spariskírteini og happdrættisskuldabréfi, víxli, yfirlýsingu, ábyrgð, tékka eða öðrum kröfuréttarskjölum, sem út eru gefin fyrir 1. janúar 1981, þar sem lofað er greiðslu eða ábyrgð tekin á greiðslu, en efna skal eða efnd eru eftir það tímamark, skal breytt í nýjar krónur og fullnægt þannig.

Sama gildir um hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar svo og allar kröfur og reikninga, sem eins stendur á um.

## 8. gr.

Sérhverri fjárhæð í afsali, kaupsamningi, váttryggingarsamningi, leigusamningi, tilboði eða öðrum gerningum, sem ákveðin er í krónum og gerningur gefinn út fyrir 1. janúar 1981, en eigi hefur komið til framkvæmda fyrir þann tíma, skal eftir 1. janúar 1981 breyta í nýjar krónur og efna þannig.

## 9. gr.

Hlutabréf og önnur slík eignarhlutdeildarskjöl, sem út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1981, þar sem fjárhæðir eru greindar í gömlum krónum, skulu frá þeim tíma breytast í nýjar krónur.

Hafi hlutafélag verið stofnað fyrir 1. janúar 1981 eða hluthafafundur þegar stofnaðs félags ákveðið aukningu hlutfjár fyrir þann tíma, en hlutabréf eigi gefin út fyrr en eftir þann tíma, skal nafnverð hlutabréfa greint í nýjum krónum.

## 10. gr.

Skattar og önnur opinber gjöld álögð fyrir 1. janúar 1981, en eigi hafa verið greidd fyrir það tímamark eða greiða ber eftir það, skulu breytast í nýjar krónur og greiðast þannig.

## 11. gr.

Á skattframtali árið 1981 skulu tekjur ársins 1980, eign í lok þess árs svo og aðrir liðir skattframtals taldir í gömlum krónum. Hliðstæð regla gildir um sölu-

skatts- og launaskattsskýrslur á árinu 1981 vegna viðskipta og launagreiðslna á árinu 1980 eða fyrr. Fjárhæðir í skattskrá 1981 (fyrir tekjuárið 1980) og á álagningar-seðlum fyrir það ár skulu þó greindar í nýjum krónum.

Um aðra tölulega skýrslugerð til opinberra aðila eftir ársbyrjun 1981 vegna ársins 1980 eða fyrri tíma skulu gilda hliðstæðar reglur og að framan, nema eðli máls leiði til annars.

#### 12. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal reikna og greiða hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og þjónustu í nýjum krónum. Allir launataxtar, launaskrár og launasamningar skulu við það tímamark breytast þannig, að fjárhæðir séu í nýjum krónum.

#### 13. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 skal reikna verð allrar vöru og þjónustu í nýjum krónum. Verslanir og aðrir þeir, sem vörur selja eða þjónustu veita, eru hvattir til að verðmerkja vöru og þjónustu þannig, að verð sé annars vegar greint í gömlum krónum, t. d. með svörtum stöfum, og hins vegar í nýjum krónum, t. d. með rauðum stöfum, hlið við hlið.

#### 14. gr.

Bókhald og reikningskil fyrirtækja, stofnana og einstaklinga svo og hvers konar önnur reikningsfærsla og skráning verðmæta á árinu 1980 til ársloka þess árs skulu færð í gömlum krónum, en við allar byrjunarfærslur ársins 1981 svo og allar færslur viðskipta og verðmæta frá og með 1. janúar 1981 skal nota nýjar krónur, enda þótt fylgiskjöl og færslugögn greini gamlar krónur.

Þar sem reikningsár er annað en almanaksárið og nær því að hluta til fram á árið 1981, ber að breyta öllum niðurstöðum bókhaldsins, eins og þær eru í árslok 1980, yfir í nýjar krónur frá 1. janúar 1981 og nota það verðgildi frá og með þeim degi í bókhaldi og við reikningskil í lok reikningsársins.

#### 15. gr.

Frímerki, stimpilmerki, sparimerki og önnur hliðstæð greiðslumerki með árituðu verðgildi, sem látin hafa verið í umferð í gömlum krónum fyrir 1. janúar 1981 og eru þá enn ónotuð eða óinnleyst, skulu vera í gildi til og með 30. júní 1981, enda sé verðgildi þeirra í nýjum krónum einn hundraðasti hluti upprunalegs verðs þeirra. Útgefandi getur þó framlengt gildistíma þessara merkja þannig breyttra í nýjar krónur og aura með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

Eftir 30. júní 1981 eru merki þessi innleysanleg hjá útgefendum til ársloka 1982, enda kveði framangreind auglýsing ekki á um annað.

#### 16. gr.

Frá og með 1. janúar 1981 er heimilt að tilgreina í skjali fjárhæð, sem er í gömlum krónum, í nýjum krónum með sérstakri áritun þó aðeins utan texta, enda verði eftir sem áður unnt að lesa frumtexta, tölur og aðrar áritanir viðkomandi skjals. Áritun sé dagsett og staðfest a. m. k. með upphafsstöfum þess aðila, sem framkvæmir hana.

Bönkum, sparisjóðum, tryggingarfélagum svo og opinberum aðilum er þó einum heimilt að breyta fjárhæðum í gömlum krónum eftir 1. janúar 1981 í nýjar krónur, en aðeins með því að setja tvö strik hornrétt á milli króna og aura og aðskilja hverja þrjá tölustafi með lóðréttum strikum, enda sé slík strikun gerð með öðrum lit en tölustafir viðkomandi fjárhæðar eru í. Áritunin sé dagsett og staðfest a. m. k. með upphafsstöfum þess aðila, sem framkvæmir hana, og stimpli stofnunar.

## 17. gr.

Útgáfudagar skjala og skriflegra gerninga skulu taldir ákvarðandi um það, hvort fjárhæðir, sem slík skjöl og gerningar kveða á um, séu í gömlum eða nýjum krónum, sé slíkt ekki ótvírætt tekið fram. Sönnunarbyrði um annan hátt hvílir á þeim, er slíku heldur fram.

Nú hefur skjal eða annar gerningur hvorki að geyma útgáfudag né fjárhæð sérstaklega tilgreinda í nýjum eða gömlum krónum, og skal þá við uppgjör eða greiðslu samkvæmt slíku skjali eða gerningi taka fram í kvittun, við hvort krónuverðgildið hefur verið miðað.

## 18. gr.

Verði fjárhæð í gömlum krónum við verðgildisbreytinguna brot úr nýeyri, skal fella niður eyrisbrot, sem nemur minna en hálfum eyri, en hækka upp í einn eyri eyrisbrot, sem er hálfur eyrir eða meira.

## 19. gr.

Nú eru fjárhæðir í uppgjöri, greiðslufyrirmælum, kröfu eða reikningi greindar með aurum, og skal greiðsla í peningum þá jöfnuð í hálfan tug aura lægst. Þannig skulu fjárhæðir, sem enda á 3, 4, 6 og 7 aurum greiddar í peningum með fimm aurum, lægri aurafjárhæðum sleppt, en hærri aurafjárhæðir hækkaðar í næsta tug aura fyrir ofan og greiddar þannig.

## 20. gr.

Seðlabanki Íslands skal í samráði við viðskiptaráðuneytið og í umboði þess hafa á hendi kynningu og framkvæmd reglugerðar þessarar.

## 21. gr.

Rísi deilur um framkvæmd reglugerðar þessarar með ríkisstofnunum, bönkum og sparisjóðum, skal úr deilum skorið af þriggja manna nefnd. Nefnir viðskiptaráðuneytið til einn mann, fjármálaráðuneytið annan og Seðlabankinn hinn þriðja.

## 22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 9. gr. laga nr. 35 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, svo og 8. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, um gjaldmiðil Íslands, eins og henni var breytt með lögum nr. 65 29. maí 1979, öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Viðskiptaráðuneytið, 13. maí 1980.*

**Tómas Árnason.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

### 1. Skoðunargjöld loftfara.

- 1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.
- 1.2 Fyrir þyrlur og flugvélar allt að 5.700 kg að þyngd greiðast kr. 15 fyrir hvert kg. en lágmarksgjald er kr. 15 000.